



Umsögn frá Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi

9. desember 2014

Þingskjal 78 – 78. mál

Almennt

Samband sveitarfélaga á Austurlandi (SSA) gerir ekki sérstakar athugasemdir við þingsályktunartillöguna en ítrekar ályktun aðalfundar síns frá því í september 2014.

Fjölgun starfa á vegum ríkisins á Austurlandi

Aðalfundur SSA haldinn á Vopnafirði 19. og 20. september 2014 leggur áherslu á að eitt af meginverkefnum SSA og Austurbrúar á næstu árum verði í samræmi við byggðaáætlun og stefnu stjórnvalda að færa fleiri opinber störf til Austurlands í samstarfi við ríkisvaldið. Fyrsti hluti verkefnisins, og þá um leið markmið komandi starfsárs, sé að a.m.k. 30 störf komi inn í fjórðunginn og þeim verði fundinn staður sem víðast í fjórðungnum. Mikilvægt er í þessu samhengi að nýta þær breytingar í ríkisrekstri sem framundan eru til þess að ná þessu markmiði og þá um leið hagkvæmari lausn fyrir hið opinbera. Aðalfundur fagnar þeim flutningi sem fyrirhugaður er af opinberum störfum og hvetur til frekari vinnu í þeim efnum. Þá verði af hálfu Austurbrúar staðið við upphaflega áætlun um starfsstöðvar í landshlutanum. Af hálfu stofnunarinnar verði lögð fram tímasett áætlun um framkvæmd.